

Landsfundur um jafnréttismál sveitarfélaga 4.-5. september 2019

Haldinn í Sveinatungu, fundarsal bæjarstjórnar Garðabæjar, Garðatorgi 7

Miðvikudagur 4. september, 13.00-16.30:

Opnun fundar – *Katrín Björg Ríkarðsdóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu*

Jafnréttisstofa hefur nýlega kallað eftir endurnýjuðum jafnréttisáætlunum sveitarfélaga í samræmi við ákvæði jafnréttislaga. Þar er að mörgu að hyggja enda lagaskyldurnar víðtækar. Tvennt virðist sérstaklega brenna á sveitarfélögum og verða þau atriði tekin til umfjöllunar í vinnustofum:

Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni, #MeToo

Umsjón: *Fríða Rós Valdimarsdóttir, verkefnastjóri hjá Jafnréttisstofu*

Fjallað verður um skyldur sveitarfélaga til að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum.

Kynjasambætting með áherslu á kynjaða fjárhagsáætlanagerð

Umsjón: *Freyja Barkardóttir, verkefnastjóri í kynjaðri fjárhags- og starfsáætlanagerð hjá Reykjavíkurborg ásamt Bryndísi Evu Sverrisdóttur fjármálasérfræðingi á velferðarsviði og Steinunni Rögnvaldsdóttur mannauðsráðgjafa á umhverfis- og skipulagssviði*

Jafnréttislög kveða á um að kynjasambættingar skuli gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð hins opinbera. Mörg sveitarfélög hafa sýnt áhuga á að flétta hugsun kynjasambættingar inn í áherslur í fjárhagsáætlanagerð. Hér verður sérstaklega fjallað um leiðir til þess.

16.30 Léttar veitingar í Hönnunarsafni Íslands, Garðatorgi 1

Fimmtudagur 5. september, 9.00-14.30:

Málþing - Jafnréttismál eru sveitarstjórnarmál

Ávarp formanns bæjarráðs Garðabæjar – *Áslaug Hulda Jónsdóttir*

Breytt lagaumhverfi jafnréttismála: Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, lög um jafna meðferð á vinnumarkaði, lög um kynrænt sjálfræði – *Jón Fannar Kolbeinsson, lögfræðingur hjá Jafnréttisstofu*

Jafnréttisstarf í Garðabæ:

Jafnréttisstefna Garðabæjar – *Sigbrúður Ármann, fjölskylduráð Garðabæjar*

Jafnréttismál og skólasamfélagið í Garðabæ – *Eiríkur Björn Björgvinsson, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs*

Jafnrétti í íþróttum og tómstundum í Garðabæ – *Björg Fenger, bæjarfulltrúi og formaður íþróttu- og tómstundaráðs*

Jafnrétti og skipulagsmál í Garðabæ – *Sólveig Helga Jóhannsdóttir, skipulagsfræðingur*

Jafnlaunavottun í Garðabæ – *Auður Jóhannsdóttir, deildarstjóri kjaradeildar*

Jafnréttishlutverk sveitarfélaga sem stjórnvalds:

Samþætting og sjálfbærni – *Anna Guðrún Björnsdóttir, sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs Sambands Íslenskra sveitarfélaga*

Nefndir og ráð – niðurstöður könnunar – *Kristín Ólafsdóttir, sérfræðingur hjá Jafnréttisstofu*

Jafnréttisáætlanir – hvernig er hægt að hafa þær virkar og hverju skilar það? – *Arnfríður Aðalsteinsdóttir og Bergljót Þrastardóttir sérfræðingar hjá Jafnréttisstofu*

Jafnréttishlutverk sveitarfélaga sem veitenda þjónustu, skóla- og íþróttastarf:

Jafnrétti sem fastur þáttur í starfsemi Lundarsels – *Helga María Þórarinsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri á Akureyri*

Jafnréttisúttekt á íþróttastarfi á Akureyri – *Kristinn Jakob Reimarsson, sviðsstjóri samfélagssviðs Akureyrarbæjar*

Hádegismatur á Mathúsi Garðabæjar

Jafnréttishlutverk sveitarfélaga sem vinnuveitenda:

Einelti, áreitni og ofbeldi - Stefna og verklag Reykjavíkurborgar – *Maj-Britt Hjördís Briem vinnuréttarlögfræðingur og Kristín Sigrún Guðmundsdóttir mannauðssérfræðingur Reykjavíkurborg*

Tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar hjá Reykjavíkurborg – *Elín Oddný Sigurðardóttir, varaborgarfulltrúi Reykjavíkurborg*

Jafnlaunavottun – *Þórdís Hadda Yngvadóttir, sérfræðingur forsætisráðuneyti*

Sveitarfélög kynna jafnréttisstarf

Lokaávarp og landsfundarslit – *Katrín Björg Ríkarðsdóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu*

Fundarstjórar: *Sara Dögg Svanhildardóttir bæjarfulltrúi og Guðfinnur Sigurvínsson varabæjarfulltrúi og nefndarmaður í umhverfisnefnd Garðabæjar*



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA